

# Aðalfundur SÍL 2005

haldinn í húsnæði Lúðrasveitarinnar Svans, Lindargötu 48,  
laugardaginn 17. september.

Á fundinum voru 15 fulltrúar frá 7 lúðrasveitum. Þessir fulltrúar voru:

Atli Týr Ægisson, Lúðrasveit Hafnarfjarðar  
Finnbogi Óskarsson, Lúðrasveit Hafnarfjarðar  
Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, Lúðrasveit Hafnarfjarðar  
Jóhann Morávek, Lúðrasveit Hornafjarðar  
Ásgeir Sigurðsson, Lúðrasveit Selfoss  
Guðmundur Jóhannsson, Lúðrasveit Selfoss  
Sverrir Andrésson, Lúðrasveit Selfoss  
Álfheiður Guðmundsdóttir, Lúðrasveitin Svanur  
Inga Dóra Helgadóttir, Lúðrasveitin Svanur  
Jón Ingvar Bragason, Lúðrasveitin Svanur  
Vilborg Jónsdóttir, Lúðrasveitin Svanur  
Helgi Ólafsson, Lúðrasveit Verkalýðsins  
Hildur B. Svavarsdóttir, Lúðrasveit Verkalýðsins  
Stefán Sigurjónsson, Lúðrasveit Vestmannaeyja  
Jón Óskar Guðlaugsson, Lúðrasveit Þorlákshafnar.

Vilborg setti fundinn klukkan rúmlega 16:00 og var Jóhann Morávek skipaður fundarstjóri.

## 1. VENJULEG AÐALFUNDARSTÖRF

Vilborg las skýrslu formanns um síðasta starfsár, sem var samþykkt.

Atli las fundargerð síðasta aðalfundar, sem var samþykkt.

Jón Ingvar lagði fram endurskoðaða reikninga, sem voru samþykktir eftir nokkrar umræður.

**Ákvörðun um félagsgjald:** Lagt til að það verði áfram 0 krónur og var það samþykkt. Vilborg tók það hins vegar fram að það gæti orðið nauðsynlegt að innheimta félagsgjöld af hljómsveitunum ef styrkir frá ríkinu halda áfram að lækka, eins og þeir hafa gert undanfarið. Í upphafi ársins tók tónlistarsjóður til starfa. Hann veitir ekki rekstrarstyrki, heldur aðeins pening í ákveðin verkefni. Ein hugmynd væri sú að hljómsveitirnar sæki um styrk úr tónlistarsjóði til að borga félagsgjald í SÍL.

**Kosningar:** Öll stjórnin býður sig fram til endurkjörs, nema Bára meðstjórnandi. Engin mótframboð komu fram. Eftir nokkrar vangaveltur, umræður og uppástungur var Finnbogi Óskarsson kjörinn í embætti meðstjórnanda með lófaklappi. Stjórn SÍL starfsárið 2005-2006 er því skipuð eftirtöldum:

Vilborg Jónsdóttir, formaður

Jón Ingvar Bragason, gjaldkeri

Atli Týr Ægisson, ritari

Finnbogi Óskarsson og Helgi Ólafsson, meðstjórnendur.

Endurskoðendur voru kosnir þeir Borgar Jónsteinsson og Sigurður Smári Gylfason.

## 2. SKÝRSLUR HLJÓMSVEITANNA

Fulltrúar frá hljómsveitunum gáfu skýrslu um starfsemi sveitanna frá síðasta starfsári.

**Lúðrasveit Vestmannaeyja:** Styrktarfélagatónleikum var frestað fram yfir áramót á síðasta starfsári og voru haldnir 12. febrúar. Jólaspilamennskur í Vestmannaeyjum. Æfingabúðir í Gunnarshólma 4.-6. febrúar. Tónleikar með Skólalúðrasveit Vesturbæjar og Andreu Gylfadóttur í maí. Auk hefðbundinnar dagskrár: Sumardagurinn fyrsti, 1. maí, 17. júní, þæjumót, Shellmót, Goslokahátíð og Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Framundan er heimsókn til Hornafjarðar 23. september og styrktarfélagatónleikar 12. nóvember.

**Lúðrasveit Þorlákshafnar:** Aðventutónleikar með Söngfélagi Þorlákshafnar í Aratungu. Spilamennska í kringum jólin. 23. febrúar var spilað á afmælishátíð Tónlistarskóla Árnesinga í Hólmaröst á Stokkseyri. Vortónleikar voru haldnir 17. maí. Þjóðhátíðarhöld 17. júní. Spilað á Hafnardögum aðra helgina í ágúst. Starfsemin gengur vel. Framundan er sjónvarpsupptaka hjá RÚV, stefnt er á utanlandsferð 2006 og verið er að vinna í heimasíðu lúðrasveitarinnar sem verður opinberuð fljótlega.

**Lúðrasveit Hafnarfjarðar:** Starfsemin hefur verið nokkuð hefðbundin. Æfingar voru haldnar á mánudagskvöldum frá september til júní. Æfingabúðir á Hótel Hlíð í Ölfusi 15.-17. október. Tónleikar í Víðistaðakirkju 27. nóvember, þar sem spilaðir voru sálmar og Sousamarsar. Sama dag var spilað við opnun jólaþorps í Hafnarfirði. Vortónleikar 8. maí. Auk þess hefðbundnar spilamennskur á 1. maí, sjómannadeginum og 17. júní. Framundan er hugsanleg tónleikaferð í nóvember og tónleikar í Hafnarfirði seinni hluta mánaðarins. Einnig stefnt að ferðalagi vorið/sumarið 2006.

**Lúðrasveit Selfoss:** Kjarni hljómsveitarinnar er um 20 manns, en alls spiluðu 28 einstaklingar með sveitinni á síðasta starfsári. Lúðrasveit Selfoss kom fram á aðventutónleikum í Selfosskirkju, tónleikum á Stokkseyri vegna afmælis tónlistarskóla Árnesinga ásamt því að spila í skruðgöngu á sumardaginn fyrsta og á 17. júní og fleiri atburðum. Framundan eru aðventutónleikar með kórum á suðurlandi.

**Lúðrasveit Verkalýðsins:** Hélt sína árlegu fjölskyldutónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur. Spilamennskur í miðbæ Reykjavíkur fyrir jólin. Kveðjutónleikar Tryggva Baldvinssonar voru haldnir í apríl, en hann er hættur sem stjórnandi. Fóru í ferðalag á sjómannadeginum. Sveitin auglýsti eftir nýjum stjórnanda, fjórar umsóknir bárust og hefur Malcolm Holloway tekið við sem stjórnandi. Framundan eru barna- og fjölskyldutónleikar í haust og einnig er stefnt á eitthvað ferðalag næsta sumar.

**Lúðrasveitin Svanur:** Fór á Bad Orb hátíðina í Þýskalandi síðasta haust og stefnir á að fara aftur þangað haustið 2006. Jólátónleikar voru haldnir 21. desember. Spilamennskur í miðborg Reykjavíkur fyrir jólin. Æfingabúðir á Laugalandi í Biskupstungum. Vortónleikar voru haldnir í Grafarvogskirkju. Auk þess hefðbundnar spilamennskur. Héldu sumartónleika á Ingólfstorgi sem heppnuðust vel. Sveitin er að skipuleggja landsmót sem verður haldið 2006. Jólátónleikar verða haldnir 3. desember. 75 ára afmælisveisla verður haldin laugardaginn 19. nóvember. Einnig er stefnt á að endurnýja búninga sveitarinnar.

**Lúðrasveit Hornafjarðar:** Hélt jólátónleika í desember, auk þess sem hún spilaði í verslunum og fyrirtækjum fyrir jólin. Vegna manneklu spilaði sveitin ekki á 17. júní að þessu sinni. Sveitin á 30 ára afmæli á þessu ári og á að halda upp á það með því að koma fram í heimabyggðinni. Sveitin tekur á móti Lúðrasveit Vestmannaeyja 23. september. Uppistaðan í sveitinni er ungt fólk, en stefnt er að því að hækka aldurinn.

### 3. LANDSMÓT 2006

Landsmótið verður haldið í Reykjavík dagana 29. júní - 1. júlí 2006. Hugmyndin er sú að hljómsveitir sem mæta á landsmótið haldi a.m.k. eina tónleika, í 30-60 mínútur. Ef leyfi fæst verður sett upp stórt tjald í Hljómskálagarðinum. Stefnt á að byrja á skrudgöngu á föstudagskvöldinu. Á laugardeginum verða tónleikar víðs vegar um borgina og um kvöldið verður ball í tjaldinu í Hljómskálagarðinum, þ.e. ef það verður leyft. Mótinu lýkur svo með skrudgöngu frá Skólavörðuholti niður á Ingólfstorg á sunnudeginum. Tvær erlendar hljómsveitir, önnur frá Noregi, hin frá Þýskalandi, hafa lýst yfir áhuga sínum á að koma á mótið. Leitað verður til lúðrasveitanna á höfuðborgarsvæðinu til að verða gestgjafar þessara sveita. Einnig er stefnt að því að lúðrasveitirnar þurfi ekki að borga neitt fyrir að taka þátt í þessu. Nánari upplýsingar verða sendar til hljómsveitanna þegar nær dregur.

### 4. LAGABREYTINGAR

Stjórnin leggur fram tvær tillögur. Annars vegar að frestur til að skila inn tillögum um lagabreytingar verði lengdur. Samkvæmt núgildandi lögum rennur fresturinn út 1. september á hverju ári, en lagt er til að hann renni alltaf út einni viku fyrir aðalfund.

17. grein verði því svohljóðandi: „Lögum þessum, nema 15. grein, má aðeins breyta á aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Tillögur um lagabreytingar skulu komnar stjórn sambandsins í hendur einni viku fyrir aðalfund.“ Úr 6. grein falli út málsgreinin: „[...]ásamt tillögum um lagabreytingar ef nokkrar eru.“ út úr 6. grein.

Hins vegar er lagt til að skammstöfun sambandsins verði breytt og punktarnir teknir úr henni allsstaðar þar sem hún kemur fram í lögnum.

Báðar þessar tillögur voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

### 5. NOMU

Samkvæmt nýjustu upplýsingum sem Vilborg hefur verður næsta námskeið haldið í Noregi 3.-10. júlí 2006. Í apríl var hins vegar stefnt á að gera aðra tilraun með að halda það í Færeyjum. Ef Færeyingar halda námskeiðið ekki er röðin eiginlega komin að Íslandi, en síðast var námskeið haldið hér árið 1999. Vilborg fer á Nomu-fund 23.-25. september þar sem þetta verður rætt. Ef námskeiðið verður haldið á Íslandi gæti verið hægt að halda það í beinu framhaldi af landsmótinu. Hingað til hafa verið sendir u.þ.b. tíu þátttakendur frá Íslandi á hverju ári, en ef við fáum ekki pening verður ekki hægt að senda fólk á námskeiðið.

Stefán Sigurjónsson leggur fram tillögu um að samskiptum við Nomu yrði hætt vegna of mikils kostnaðar sem fylgir því að senda einstaklinga á námskeiðin. En rúmlega helmingur útgjalda síðasta árs fór í þennan lið. Vísað til 2. greinar laganna, um hlutverk sambandsins og lagt til að nota peninginn frekar í eitthvað af þessum hlutverkum.

Mótrökin eru hins vegar þau að peningurinn sem við fengum í styrk frá ríkinu síðast var eyrnamerkur þessu verkefni. Auk þess er mikill hagur í því fyrir hljómsveitirnar að senda fólk á þessi námskeið og fólk endist lengur í hljómsveitunum.

Tillagan var ekki borin undir atkvæði, en stjórninni bent á að eyða ekki meiri fjárhæð í þennan lið heldur en hún fær.

## 6. NÓTNAÚTGÁFA

Eins og á síðasta ári eru til nótur sem bíða útgáfu, en hins vegar er ekki til peningur til að gefa þær út. Vilborg óskar eftir hugmyndum um aðila sem gætu veitt styrki. Á fundinum komu eftirfarandi hugmyndir upp:

LÍÚ

Fjölís (Alþjóðleg samtök rétthafa efnis sem er ljósritað)

Landsvirkjun

VÍS

Björgúlfur

Auk þess er fundargestum bent á að senda hugmyndir á netfang SÍL ef þeir fá góðar hugmyndir.

Spurt hvers vegna verið væri að endurútgefa nótur. Það er vegna þess að gamla upplagið er búið hjá SÍL og hjá mörgum sveitum eru bækurnar illa farnar og stundum vantar raddir inn í pakkana.

Hljómsveitirnar hafa hingað til fengið einstök lög ókeypis, en hafa þurft að borga 10.000 krónur fyrir bækurnar. Hugmynd um að láta sveitirnar borga líka fyrir stöku lögin.

Það er búið að borga Ellerti fyrir tölvusetningu á jólabókinni en það vantar pening til að prenta hana. Hugmynd kom upp um að senda nóturnar með tölvupósti til sveitanna og sveitirnar prenti þær þá út sjálfar.

## 7. ÖNNUR MÁL

Atli minnst á heimasíðu SÍL, sem hefur nýlega verið uppfærð. Nú er þetta orðið að bloggsíðu og geta formenn hljómsveitanna eða þeir sem sjá um að senda út fréttatilkynningar fengið notandanafn og lykilorð til að skrifa fréttirnar inn sjálfir. Áfram verður þó hægt að senda fréttir á netfang SÍL. Einnig er kominn póstlisti á síðuna, þar sem menn geta skráð sig og fengið nýjustu fréttir sendar um leið og þær birtast á heimasíðunni. Atli hvetur fundargesti til að láta fólkið sitt vita af þessum nýjungum og mun fljótlega senda póst til formanna/stjórnenda hljómsveitanna.

Vilborg minnst á að ósk sín væri að SÍL ætti nógu mikinn pening til að styrkja hljómsveitirnar sem þurfa á því að halda.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundinum slitið klukkan 18:50.